kallaður vitur, enn er gjetan minkar, þá heitir
hann kól.—

20; Það var einn morgun að þau svafu setlega,
þá stóð Clárus upp, og kallaði á Blankiflúr, og
sagði, að tími var að koma til kóngs, sem þær
væru vanar, að gjöra sína þjónustu. Ég mun skjótt
koma, sagði hún, og sofnaði þegar. Clárus gjekk, og
sagði að Blankiflúr mundi koma eftir; og er hún
kom ekki, spurði kóngurinn eftir henni. Herra, sag-
-ði Clárus, miskunar biður hún, því að hún vakti í
alla nótt og sáng á bók sína og bað fyrir ykkur, að
ykkar samgángur skyldi til fagnaðar verða. Þegar
var kjemur; enn í dagan sofnaði hún, og þótti mjer
mikið fyrir að vekja hana. Er það satt? sagði ko-
-núngur. Já, já, sagði hún. Vel gjörðir þú þetta, sagði
kóngurinn, og ansaði ekki meira til, að sinni. Annan
morgun stóð Clárus upp og kallaði á Blankiflúr, og
sagði hana afleingi vilja sofa. Hún svarar: gákk,
jeg kjem skjótt, og mun jeg fyrr koma enn þú; enn
er hún vildi uppstanda, faðmaði Flóres hana, kysti
og hneigði í sængina aftur; sofnuðu svo, að varir þeirra
lágu saman. Enn Clárus gjekk til kóngs, og spurði
kóngurinn að Blankiflúr, enn hún svaf enn,
og hugði hann að Blankiflúr mundi gjeingin til kon-
-úngs. Ókunnast jeg, sagði hann, að nokkuð sje minn
hennar hag. Það er ekki skylde. Clárus sagði: hún skj-
-ótt koma, því að hún reis fyrr upp enn jeg; því að hún
hugði, að svo mundi vera; eða mundi hún nokkuð
annað til andsvara fengið hafa. Gjörði kóngurinn
sjer nú mart í hug, kallaði til sín einn herbergis
-svein, og mælti: gakk skjótt og bjóð Blankiflúr
koma til mín. Enn er hann kom í hús hennar, þá
sá hann hvar þau lágu, Flóres og Blankiflúr, og
hugði hann að Clárus mundi vera, því að Flóres hafði
ekki skegg, varinn hár meijar fríðari; gjeingur hann
aftur til kóngsins og sagði: jeg sá valla jafnmikla
ást, sem þær hafa, Blankiflúr og Clárus; þær sofa
setlega, að munnar þeirra lágu saman, og ekki vilda jeg